

## REGLUGERÐ

**um úthlutun á fiskveiðíarinu 2001/2002 skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða  
XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

1. gr.

Úthluta skal á fiskveiðíarinu 2001/2002 3.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðíarinu 1996/1997 eða 1997/1998.

2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorsk-ígildum talið.

Við útreikning á úthlutun skv. 1. gr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðíarsins 1998/1999 og verðmætstuðla á því fiskveiðíári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðíárið 1998/1999.

3. gr.

Við úthlutun skv. 1. gr. skal þorskaflamark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðíárs 2001/2002 og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðíársins 2001/2002, verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

4. gr.

Endurnýi útgerð bát, sem rétt á til úthlutunar skv. 1. gr. með nýsmíði eða kaupum á öðrum báti, skal úthluta til þess báts er í staðinn kemur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hann af þeim báti, sem verið er að endurnýja og ekki hafi verið samið um annað. Tilkynna skal til Fiskistofu um slika endurnýjun og hvorum bátnum úthlutun skal fylgja.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*